

25. marz 1946, að krafa stefnanda um greinda málflutningsþóknun hafi með bréfi þessu verið borin undir stjórn Lögmannafélagsins til úrskurðar. Þar sem krafan hefur þannig verið lögð undir úrskurðarvald félagsstjórnarinnar, verður ekki, samkvæmt nefndu lagaákvæði, um hana dæmt á bæjarþinginu. Ber því að vísa kröfu stefnanda um málflutningsþóknun, kr. 8350.00, frá dómi. Hins vegar verður ekki talið, að stjórn Lögmannafélags Íslands hafi úrskurðarvald um endurgreiðslukröfur vegna útlagðra gjalda við málflutningsstörf. Verður því frávisunarkröfunni hrundið, að því er varðar þann hluta kröfu stefnanda, enda verður ekki séð, að 69. gr. einkamálalaganna komi hér til álita.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður í þessum hluta málsins.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Framangreindri kröfu stefnanda um málflutningsþóknun er vísað frá dómi. Að öðru leyti skal mál þetta dæmt að efni til. Málskostnaður falli niður í þessum hluta málsins.

Mánudaginn 12. maí 1947.

Nr. 16/1946. Réttvísin (Hrl. Ragnar Ólafsson)

gegn

Kristjáni Friðrik Guðmundssyni

(Hrl. Egill Sigurgeirsson).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason og hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Fjársvik.

Dómur hæstaréttar.

Verjandi ákærða hér fyrir dómi hefur nú boðið fram fyrir hönd ákærða kr. 1087.00, þ. e. andvirði tveggja gyltna, kr. 337.00, og hálft andvirði 15 grisa, kr. 750.00, en hinn helm-ingur af andvirði grisanna átti að falla í hlut ákærða samkvæmt samningi hans við Helga og Kristján Zoëga. Þar sem ákærði dró sér andvirði framangreindra dýra, sem hann átti ekki, gerðist hann brotlegur við 247. gr. laga nr. 19/1940, en með hliðsjón af 8. tl. 74. gr. sömu laga þykir

rétt að færa refsingu hans niður í 700 króna sekt, er afplánist 12 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Kristján Friðrik Guðmundsson, greiði 700 króna sekt í ríkissjóð, er afplánist 12 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar í héraði staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmennanna Ragnars Ólafssonar og Egils Sigurgeirssonar, kr. 600.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 31. október 1945.

Ár 1945, miðvikudaginn 31. október, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Bergi Jónssyni sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 2877/1945: Réttvisin gegn Kristjáni Friðrik Guðmundssyni, sem tekið var til dóms 2. október sama ár.

Mál þetta er af réttvisinnar hálfu höfðað gegn Kristjáni Friðrik Guðmundssyni verzlunarmanni, Skólavörðuholti 119, fyrir brot gegn XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 14. júní 1909, og hefur hvorki sætt ákæru né refsingu, svo kunnugt sé.

Með bréfi, dagsettu 28. nóvember 1944, kærðu bræðurnir Kristján Zoëga stórkaupmaður, Kaplaskjólsvégi 3, og Helgi Zoëga kaupmaður, Bárugötu 9, ákærða fyrir sviksemi í ráðstöfun svína, er þeir áttu á fóðrum hjá honum.

Málavextir eru þeir, að með samningi, dagsettum 11. maí 1943, keyptu kærendur 5 sjö mánaða gamlar gyltur af ákærða og Eiríki Kúld Sigurðssyni bifreiðarstjóra, Eskihlíð A, þá á Sólstöðum við

Ásveg, og höfðu þær verið sameign seljenda. Var kaupverðið greitt strax að fullu. Seljendur tóku að sér að „hýsa, passa og fódra“ gylturnar í allt að tvö ár gegn því að fá helming alls arðs af þeim, á meðan þær væru í þeirra umsjá. Ákærði heldur því fram, að fódrunarloforðið hafi verið miðað við það, að svinin yrðu alin á matarleifum frá setuliðinu, eins og áður hafði verið gert. Þessu neita kærundur og halda því fram, að fódrunarloforðið hafi ekki verið takmarkað við neitt sérstakt fóður, og annar seljendanna, Eiríkur Kúld Sigurðsson, heldur því fram, að fódrunarloforðið hafi verið fyrirvaralaust og ekki bundið því skilyrði, að fóður fengist af matarleifum setuliðsins. Ekki er neins skilyrðis um fódrið getið í samningnum, og verður því að ætla, að staðhæfing ákærða um þetta sé eigi rétt, þó að hann hafi ef til vill ætlað að nota matarleifar setuliðsins handa svinunum.

Sumarið 1943 kom upp veiki í svinabúi ákærða, og stafaði hún af eitrun í matarleifum setuliðsins. Nokkur svin drápust, en þó ekkert af gyltum kærenda. Ákærði varð nú að fódra svinin á mjöli og öðru dýru fódri, og tilkynnti hann kærendum þetta, og segir hann þá hafa fallizt á að greiða aukakostnað af hinu dýrara fódri, og hafi Helgi greitt sér kr. 500.00 í þessu skyni. Kærundur bera hins vegar, að þeir hafi ekki samþykkt að greiða neinn aukakostnað og hafa haldið því fram, að kærði yrði að bera áhættuna af auknum fóðurkostnaði. Helgi staðhæfir, að þær kr. 500.00, sem hann afhenti kærða, hafi einungis verið lán til kærða vegna fjárhagsvandræða hans. Vitni voru engin að afhendingu peninga þessara, og ekki hefur komið fram, að neitt skriflegt hafi verið um hana gert.

Haustið 1943 slitu ákærði og Eiríkur Kúld Sigurðsson sameign sinni á svinabúinu, og tók þá ákærði að sér að sjá að öllu leyti um svin kærenda, sem þá lifðu öll.

Í áðurnefndri kæru þeirra bræðra er sagt, að þeir hafi frétt, að ákærði hefði selt allar gylturnar án þess að láta þá vita og tekið til sín andvirði þeirra. Hafi málflutningsmaður þeirra, hrl. Sigurgeir Sigurjónsson, þá nýlega átt tal við ákærða um þessi viðskipti, og hafi hann þá neitað að láta af hendi andvirði svinanna. Um þetta hefur ákærði gefið þá skýrslu, að ein gyltan hafi drepizt úr kaldadrepi nokkuð löngu eftir að farið var að fódra með dýrara fóðrinu, sem áður segir. Hafi kærendum verið tilkynnt þetta, en þeir ekki óskað að sjá skrokkin, sem var einskis virði. Þetta er viðurkennt af kærendum. Gyltu, sem fékk fótarmein, var slátrað með samþykki Kristjáns, og fékk Helgi skrokk hennar. Þriðju gyltunni var slátrað haustið 1944 með samþykki Kristjáns, og fékk hann andvirði skrokks hennar, rúmar kr. 300.00. Frásögn ákærða um endalok þessara þriggja gyltna er viðurkennd af kærendum, og er kærán því eigi á rökum reist varðandi þær.

Tveimur síðustu gyltum kærenda slátraði ákærði 8. september

1944, og var andvirði þeirra, að frádregnum kostnaði, kr. 337.00, að ákærða sögn, og hefur hann haldið því sökum þess, að hann segir, að kærendur hafi eigi fengizt til að gera upp við hann áður-nefndan aukinn kostnað við fóðrun svinanna. Kærendur höfðu ekki samþykkt slátrun gyltna þessara, heldur vísað ákærða til hrl. Sigurgeirs Sigurjónssonar, er hann ræddi við þá um þær. Ákærði ræddi þá við Sigurgeir um þetta, og skýrir ákærði svo frá, að Sigurgeir hafi viljað láta ákærða auglýsa gylturnar ásamt grísum þeirra til sölu. Ákærði gerði þetta, og seldust grísirnir, en gylturnar ekki. Ekki segir hann um það hafa verið talað sérstaklega, að ákærði talaði við kærendur eða Sigurgeir um sölu svinanna eða að þeir fengju andvirði þeirra, en hann gerir ráð fyrir, að þeir hafi búizt við því.

Hæstaréttarlögmaðurinn ber, að ákærði hafi talað um það við sig, að hann þyrfti að losna við hinar tvær gyltur kærenda og grísi þeirra, sem hann man eigi, hve margir voru, og kveðst lögmaðurinn hafa svarað því til, að rétt mundi vera að auglýsa svinin til sölu, en kveðst um leið hafa tekið skýrt fram, að ákærði mætti ekki selja svinin, fyrr en hann hefði talað við sig, og heldur ekki taka við andvirði þeirra. Nokkru síðar hitti hann ákærða, sem sagðist þá hafa selt svinin og hafa andvirði þeirra í sínum vörzlum, og er lögmaðurinn sagði honum, að honum bæri skylda til að afhenda það, neitaði hann því algerlega.

Meðan gyltur kærenda voru í vörzlum ákærða, áttu þær marga grísa, en samkvæmt skýrslu ákærða, sem eigi er hrakin, drápust þeir allir nema 15. Þá grísi seldi ákærði fyrir samtals kr. 1500.00, sem hann neitar að afhenda kærendum, fyrr en þeir geri upp við hann aukakostnaðinn við fóðrunina.

Með tilliti til þess, sem áður er sagt um fóðrunarsamninginn, þykir ákærða eigi hafa verið heimilt að halda andvirði hinna tveggja gyltna og þeim hluta andvirðis grísa, sem í þeirra hlut átti að koma samkvæmt samningnum.

Þykir ákærði með þessu hafa gerzt brotlegur við 247. gr. 1. mgr. hegningarlaganna og refsing hans eftir atvikum hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga, en rétt þykir að ákveða, að fullnustu refsingarinnar skuli fresta og hún niður falla, að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla almennra hegningarlaga haldin. Samkvæmt 68. gr. 3. mgr. sömu laga ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkosnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Egils Sigurgeirs-sonar, kr. 200.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Kristján Friðrik Guðmundsson, sæti fangelsi í 30 daga, en fullnustu refsingarinnar skál fresta og hún niður falla, að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð VI.kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 haldin. Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlauð skipaðs verjanda sins, hrl. Egils Sigurgeirssonar, kr. 200.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 12. maí 1947.

Nr. 107/1946. Sveinbjörn Sigurðsson (Sjálfur)
gegn

Einari Guðmundssyni (Enginn).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og
hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Árna
Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Landamerkjamála.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 17. ágúst f. á., gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi felldur og málinu vísað til landamerkjadóms aftur til löglegrar meðferðar og dómsálagningar. Svo krefst áfrýjandi og, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir héraðsdómi og hæstarétti eftir mati dómsins.

Af hendi stefnda var komið fyrir hæstarétt við þingfestingu máls þessa, og þá tóku aðiljar frest, en er málið síðar var tekið til meðferðar í hæstarétti, kom enginn fyrir dóm af hálfu stefnda, og hefur málið því verið rekið skriflega og er dæmt samkvæmt framlögðum skilríkjum, sbr. 38. gr. laga nr. 112/1935.

Aður en dómur gekk í máli þessu í héraði, hefði þurft að gera nákvæman uppdrátt af landi Hólabrekku, og þá eink-